

Ed.

204. Frumvarp til laga

[126. mál]

um breyting á lögum nr. 79 frá 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HÁ, JGS, JHelg, ÁG, AJ.).

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín, skal frá og með árinu 1976 greiða árlega þungaskatt til ríkissjóðs svo sem hér segir:

Fyrir bifreiðar, sem eru allt að 2000 kg að eiginþyngd, skal greiða fast árgjald — 70 000 kr. Sé eiginþyngd bifreiðar 2000 kg eða meiri, en bifreiðin er jafnframt minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, skal gjaldið hækka um 4 000 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eiginþyngd bifreiðarinnar er meiri en 2000 kg.

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir.

Bensíngjald skv. 1. gr. og árgjald þungaskatts skv. þessari grein skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 25 frá 24. apríl 1957. Grunntaxtar bensíngjalds og árgjalds þungaskatts eru miðaðir við vísitölu eins og hún var 1. júlí 1975, þ. e. 1881 stig.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Greinargerð.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. hefur haft til athugunar frumvarp til laga um fjáröflun til vegagerðar, sem felur í sér all viðtækar breytingar á núgildandi lögum, nr. 79 frá 6. sept. 1974. Við athugun þótti meiri hluta nefndarinnar rétt að gera aðeins breytingu á 5. gr. laganna og er því flutt sérstakt frumvarp um þá breytingu.